

Norðurál Grundartanga ehf
Grundartanga
301 Akranes

30. desember 2025
UOS2501558/S.M.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 16. ágúst 2025 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Norðurál á Grundartanga þann 22. ágúst 2025. Þann 6. nóvember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 1.10 í starfsleyfi. Umhverfismörk utan þynningarsvæðis flúors eru $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl – 1. september. Árið 2024 mældist styrkur loftkennds flúoríðs á Kríuvörðu $0,34 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

Rekstraraðili leggur til eftirfarandi úrbótaáætlun til að bregðast við frávikinu:

1. Áframhaldandi eftirfylgni aðgerða sem voru kynntar í eftirlitsheimsókn 2025 og snúa að breyttu eftirliti með losunarviðmiðum í kerskála. Kerfislegar umbætur og viðbrögð við innri viðmiðum í rjáfurmælingum í daglegum rekstri kerskála verða kynnt í næstu eftirlitsheimsókn Umhverfis- og orkustofnunar.
2. Norðurál mun áfram upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um niðurstöður loftgæðamælinga á Kríuvörðu eftir því sem niðurstöður berast yfir gróðurtímabil.
3. Norðurál mun boða til fundar með Umhverfis- og orkustofnun þegar niðurstöður loftgæðamælinga á Kríuvörðu fyrir árið 2025 liggja fyrir til að fara yfir niðurstöður og meta hvort þörf sé á frekari úrbótum. Fundur hefur verið boðaður 5. janúar 2026.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Teymi eftirlits